

## Orðmyndun á Nýyrðavefnum

[Nýyrðavefur](#) Árnastofnunar var opnaður 16. nóvember 2018. Vefsíðan var hönnuð með það í huga að bjóða áhugafólki um nýyrði að senda inn tillögur að nýjum orðum sem síðan eru yfirfarnar af ritstjórn og valdar tillögur birtar. Flestir senda inn orð sem þeir hafa sjálfir búið til frekar en orð sem þeir hafa heyrt annars staðar. Orðin eru ýmist búin til um ný fyrirbæri í samfélaginu, nýjar hugmyndir eða uppfinningar, eða sem samheiti eldri orða sem sendanda þykir mögulega á einhvern hátt betra en eldra orðið. Ýmsar ástæður liggja að baki því að fólk býr til ný orð eða sendir þau inn á Nýyrðavefinn en oft fylgja innsendingum skýringar frá þeim sem sendir inn. Ástæður geta verið persónulegir hagsmunir, þ.e. innsendandi ætlar sér sjálfur að nota orðið í ákveðnum tilgangi og vill hafa það skráð í orðabók, þeir hafa t.d. notað það í ritgerð eða texta og vilja að skýring sé aðgengileg. Aðrir segjast bera hagsmuni tungumálsins sjálfs í brjósti (bera fyrir brjósti/vera annt um), t.d. þeir sem telja það til hagsbóta fyrir íslensku að búa til nýtt íslenskt orð í stað erlends tökuorðs. Enn aðrir vilja rétta hlut tiltekins orðs innan tungumálsins og fá það „viðurkennt“ og skrásett. Margir segjast líka gera þetta að gamni sínu.

### Algengustu orðmyndunaraðferðir

Athugun á orðmyndunaraðferðum nýyrða á Nýyrðavefnum leiddi í ljós að flest orðin eru mynduð með samsetningu eða blöndun. Hefðbundin samsetning, þ.e. stofnsamsetningu eða eignarfallssamsetning, er algengasta gerð orðmyndunar í íslensku. Dæmi um samsett orð eru *vörufleygur* ‘áhalðið sem notað er til að aðgreina vörur viðskiptavina á færriböndum við búðarkassa’, og *loðloka* ‘franskur rennilás’.

Á eftir samsetningu er *blöndun* algengasta orðmyndunaraðferðin á Nýyrðavefnum. Blöndun er óhefðbundin orðmyndunaraðferð í íslensku en notkun hennar hefur aukist á síðustu árum. Sambærileg þróun hefur einnig orðið í öðrum tungumálum víða um heim, sérstaklega í ensku. Þekktir enskir blendingar eru t.d. *hangry* úr *hungry* og *angry* og *mansplain* og *man* og *explain*. Margir íslenskir blendingar eru myndaðir með hliðsjón af erlendum blendingum en þó eru einnig margir blendingar búnir til án augljósrar fyrirmyndar í erlendu máli. Dæmi um blending án erlendarar fyrirmyndar er orðið *fjartí* ‘Partí haldið í gegnum fjarfundabúnað. Algengt á tímum samkomubanns í kófinu.’, myndað úr *fjar* og *partí*. Dæmi um blending, sem myndaður er með hliðsjón af erlendum blendingi, er *skjáningur* ‘táningur sem eyðir miklum tíma við skjái, tölvu, snjalltæki’, samsvarar enska orðinu *screenager*, myndað úr *skjár* og *táningur*. Margir blendingar eru eins konar orðaleikir eða útúrsnúningar á eldri orðum í tungumálinu og þá er ekki ljóst hvort betra er að greina orðið sem samsetningu, blöndun eða eitthvað annað. Dæmi um þetta er orðið *gamanmenni*, sem minnir á orðið *gamalmenni* en er sent inn á Nýyrðavefinn í merkingunni ‘uppistandari’.

### Erlend fyrirmynd eða íslensk nýjung

Ekki er mikið um að notendur sendi inn tökuorð á nýyrðavefinn en nokkuð er um að fólk sendi inn sínar tillögur að nýjum orðum til þess að nota í stað tökuorða. Notendur sem senda inn orð geta látið erlenda samsvörun nýyrðisins fylgja með en um helmingi innsendinga fylgdi erlend samsvörun. Þar með er þó ekki nema hálf sagan sögð en allur gangur er á því hvort orðin hafi verið mynduð sérstaklega með þessi erlendu orð til hliðsjónar eða hvort innsendandi hafi haldið að hann þyrfti helst að láta erlent/enskt orð fylgja með. Dæmi um hið síðarnefnda er að notandi sendir inn orðið *haushaldur* með skýringunni *háls* og ensku samsvöruninni *neck*. Aftur á móti eru nokkur orð sem koma sérstaklega oft fyrir sem erlend samsvörun. Það eru *hangry*, *power nap*, *baby shower*, *grandparents*, *vape*, *clickbait*, *playlist*

, *drone*, *bucket list* og *physical/social distancing*.

<b>Enskt orð</b>	<b>Nýyrðatillögur</b>
<b>hangry</b>	hungreiður, hunglyndur, hungramur, svangraður, svargur
<b>power nap</b>	brjóstblundur, ofurlúr, orkulúr, kraftakría, kraftkría
<b>baby shower</b>	frjósemisfögnuður, burðargjöld, barnafögnuður, steypiboð, bumbubuna, frumburðarveisla
<b>grandparent(s)</b>	forforeldri, heldri foreldrar, amfi, forforeldrar, foreldraforeldrar, foreldraforeldrar
<b>vape</b>	dampa, eima, feykja, gufa, súlda, gufari
<b>clickbait</b>	smellufenginn, smellugildra, smellibrella, smelliskellur, smellsuga, smellfölsun, aðdráttarafslókun
<b>playlist</b>	lagaspotti, lagfæridæla, lagaruna, blandplata, tónlisti, tónlisti, lagrenna
<b>drone</b>	rafm, dóni (svo!), dreki, flugljón, kvikflaug, flögri, flygildi, smáþyrtingur
<b>bucket list</b>	stykkli, lífsóskir, nálisti, golulisti, draumalisti, líflisti, laupalisti, skjóluskrá, lífslanganir, skjóðuskrá
<b>Physical/social distancing</b>	andrymi, líkamsbil/líkamsfjarlægð, nándarbil/nándarfjarlægð, öryggisbil/öryggisfjarlægð, smitvarnarbil/smitvarnarfjarlægð, nándarbann, frástaða, fjargætni, nálægðartakmörkun, nándarbil, nálægðarbann

Hér virðist vera sterk tilhneiging til þess að búa til íslensk orð til að nota í stað þessara ensku orða sem flest eru vel þekkt eða notuð sem aðkomuorð í íslensku en að sama skapi getur verið erfitt að velja eitt orð til þess að nota þegar svo mörg koma til greina. Hvaða orð nota lesendur helst í stað *baby shower*? Nánar má lesa um orðmyndun á Nýyrðavefnum í grein höfunda í 27. hefti Orðs og tungu.

## Mynd

Unsplash. Viviana Rishe.